

ÁRSSKÝRSLA
2015

ÁRSSKÝRSLA

15



SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGUR 2015



EFNISYFIRLIT

Ávarp formanns og framkvæmdastjóra	4
Eignarhlutir í félögum	6
Úthlutanir úr sjóðum	10
Samstæðuársreikningur 2015	
- Skýrsla stjórnar	14
- Áritun óháðs endurskoðanda	15
- Rekstrarreikningur	16
- Efnahagsreikningur	17
- Sjóðstreymi	18
- Skýringar	20



ÁVARP FORMANNS OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Síðasta ár var íslensku þjóðarbúi hagfellt. Fyrirtækjum og einstaklingum vegnaði almennt betur en á undanförunum árum og misserum. KEA gekk einnig betur er árið áður. Skilyrði sköpuðust á árinu fyrir afnámi fjármagnshafta sem fela um leið í sér stórbætta fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Þó hvílir enn á herðum stjórnvalda og Seðlabanka að skapa skýra sýn um gjaldmiðilinn og umgjörð peningamála sem tekur við eftir losun fjármagnshaftanna. Vandinn er því enn óleystur hvað þetta varðar en það sem tekur við mun verða afgerandi um þróun gjaldmiðilsins og þar með afkomu einstakra atvinnugreina.

Eftir töluverða kaupmáttarskerðingu eftir hrun bankakerfisins hafa verið gerðir metnaðarfullir kjarasamningar. Það verður mikil áskorun einstakra atvinnugreina að standa undir þeim kostnaðarauka sem þeim fylgir og líklegt að vænta megi þess að það bitni á afkomu einstakra fyrirtækja sem KEA á eignarhluti í. Þar sem hagnaður er lítilill eða ekki fyrir hendi er óvíst að hagræðing nái að standa undir kostnaðaraukanum og þá eru líklegustu viðbrögðin hækkun á vöru og þjónustu sé það á annað borð mögulegt. Hingað til hefur verðbólgan þó haldist innan settra marka en verkefnið er í alla staði krefjandi.

Í kjölfar breyttrar fjárfestingastefnu hjá KEA var rökrétt að breyta um stefnu hvað varðar ávöxtun lausafjár. Þar sem ný fjárfestingastefna ætti almennt að þýða að lengri tíma taki að umbreyta lausafé yfir í fjárfestingar í fyrirtækjum skapast rými fyrir aukna áhættusækni við ávöxtun lausafjár. Fyrri stefna þýddi að laust fé yrði að vera aðgengilegt með litlum sem engum fyrirvara og yrði því að ávaxtast í öruggum og auðseljanlegum eignum. Minni þörf gagnvart fyrirvaralausum aðgengi lausafjár er í gildandi stefnu og því eðlilegt að færa laust fé yfir í eignir sem bera meiri seljanleikaáhættu sem og markaðsáhættu. Tillit hefur verið tekið til þess og ný lausafjárstefna samþykkt af stjórn. Hún tilgreinir þann ramma sem félagið getur ráðstafað lausu fé til tiltekinna eignaflokka.

Á síðasta ári setti stjórn sér metnaðarfulla jafnréttisstefnu og voru sérfræðingar fengnir stjórn til aðstoðar við mótun hennar en samþykkt stefnu má nálgast á heimasíðu félagsins. Unnið hefur verið eftir stefnunni sérstaklega þegar kemur að skipan í stjórnir þar sem KEA hefur valkost um að skipa fleiri en 1 stjórnarmann sem og gagnvart styrkveitingum félagsins. Telja verður að viðunandi árangur hafi strax náðst gagnvart meginmarkmiðum jafnréttisstefnunnar.

Á síðasta aðalfundi var fjallað um áform félagsins varðandi fjárfestingar í ferðaþjónustu en sú starfsgrein er í miklum vexti. Snemma á síðasta ári var keypt félag sem á lóð á frambærilegum stað og skipulögð er undir hótél. Fjárhagslega íþyngjandi kvaðir fylgja lóðinni og erfiðlega hefur gengið að fá nauðsynlegar skipulagsbreytingar í gegn svo kanna megi til fulls hvort forsvaranlegt sé að reisa hótél á lóðinni. Ætla má að næstu vikur skeri úr um það hvernig því máli framvindur. KEA hefur einnig verið í viðræðum við aðila í ferðaþjónustu um mögulegar fjárfestingar en tíminn verður að leiða í ljóst hvort af þeim fjárfestingum verður eður ei.


Á síðasta ári benti allt til þess að örlög Íslenskra verðbréfa hf. yrðu þau að vera tekin yfir og sameinuð stærra fyrirtæki eins og hafa verið örlög margra annarra fyrirtækja á þessu svæði á liðnum árum. MP banki hafði fjárfest í meirihlutaeign í félaginu og hugði á formlega yfirtöku. KEA lagði mikið af mörkum gagnvart því að þeim áformum var hrundið. Komið var í veg fyrir að aukinn meirihluti næðist gagnvart yfirtöku og í framhaldinu var gert tilboð í eignarhluti MP banka í félaginu. Farsællega gekk að mynda nýjan og fjölbreyttan hluthafahóp og möguleikar félagsins til að eflast og dafna eru fyrir hendi. KEA keypti 10% hlut í félaginu en það er talið farsælast fyrir félagið og sókn þess að hafa eignarhaldið dreift þó svo skýr kjölfesta sé til staðar.

Afkoma KEA á síðasta ári er viðunandi, sérstaklega ef horft er til þeirrar stefnu sem fylgt hefur verið og samsetningar eigna félagsins. Líkt og á fyrra ári spilar jákvæð gangvirðisbreyting stærsta hlutverkið þegar kemur að heildartekjumyndun félagsins en gangvirðisbreyting er reiknaður liður og því fallvaltur. Gangvirðisbreyting hvers árs er nokkurs konar hitamælir á breytingar í rekstri þeirra fyrirtækja sem KEA á eignarhluti í. Líkt og í ávarpi síðasta árs er ástæða talin til að áréttu það að með nýrri stefnu má búast við miklu meiri sveiflum í afkomu félagsins í framtíðinni.

Áfram fjölga félagsmönnum umfram mannfjöldaþróun á félagssvæði KEA. Það er skýrt merki þess að fjárhagslegur ábati fæst með þátttöku í félaginu en félagið er nú langfjölmennasta samvinnufélag landsins með um 20.000 félagsmenn eða rúmlega helming allra íbúa félagssvæðisins. Eins og áður hefur komið fram renna mörg hundruð milljónir króna árlega beint og milliliðalaust til félagsmanna í formi afslátta sem nást fram í krafti fjöldans. Kannanir sýna að notkun félagsmanna á kortinu eykst ár frá ári. Það er skiljanlegt að félagsmenn eigi á hverjum tíma erfitt með að samsvara sig efnahagslegri starfsemi félagsins því fjárfestingastarfsemi er sérhæfð og tæknileg en tengsl félagsmanna við fyrirtækið í gegnum KEA kortið eru mikil og bein. KEA kortið er sýnileiki félagsins gagnvart félagsmönnum sem og öðrum frá degi til dags og KEA kortið er dregið upp úr veskjum félagsmanna í þúsundatali á hverjum einasta degi ársins. Þann 19. júní í sumar verður KEA 130 ára en félagið er nú næstelsta starfandi fyrirtæki á Íslandi. Félagið hefur í gegnum tíðina gengið í gengum þykkt og þunnt og hefur elst vel. Framtíðin er björt og ekki ástæða til að ætla annað en að fyrirtækið starfi farsællega næstu 130 árin.



Halldór Jóhannsson



Birgir Guðmundsson



EIGNARHLUTIR Í FÉLÖGUM

Ásbyrgi Flóra ehf.

Eignarhlutur KEA 80%

Ásbyrgi Flóra hóf starfsemi í núverandi mynd árið 1993 en félagið á sér mun lengri sögu – eða allt til ársins 1945. Aðalstarfsemi félagsins er framleiðsla og þökkun ýmissa matvara fyrir neytendamarkað og matvælaíðnað en auk þess starfrækir félagið heildverslun með mikið úrval rekstrarvara fyrir fyrirtækjarmarkað. Framleiðsla Flóruvara hófst í Grófargili árið 1935 í Efnagerð KEA og hafa Flóruvörur verið framleiddar óslitið síðan þá. Starfsstöð félagsins er í Tryggvabraut 24, Akureyri og starfsmenn eru 16.

Ásprent - Stíll ehf.

Eignarhlutur KEA 59,06%

Félagið var stofnað árið 2003 með sameiningu prentsmiðjunnar Ásprents og auglýsingastofunnar Stíls. Í kjölfarið keypti félagið prentsmiðjuna Alprent og síðar Prenttorg, Límíða Norðurlands og stafrænu prentstofuna Stell. Innan félagsins er því búið að sameina stóran hluta af prentþjónustu á Akureyri.

Félagið rekur eina starfsstöð á Akureyri en þar var meginstarfsemi félagsins sameinuð undir einu þaki á árinu 2015. Auk þess rekur félagið starfsstöð á Húsavík með útgáfu á auglýsingaritinu Skránni og fréttablaðinu Skarpi en útgáfu blaðanna keypti félagið á árinu. Hjá félaginu starfa 32 starfsmenn auk þess sem um 60 blaðberar koma að dreifingu á prentmiðlum félagsins.

Meginstarfsemi félagsins felst í almennri prentþjónustu fyrir viðskiptavinum um land allt; allt frá nafnspjöldum til stórra harðspjaldabóka. Útgáfa prent- og vefmiðla er vaxandi þáttur í starfsemi og vegur útgáfa Dagskrárrinnar þar stærst. Auk þess gefur félagið út Vikudag á Akureyri sem og Skrána og Skarp á Húsavík. Félagið rekur einnig auglýsingastofu og skiltagerð sem veitir þjónustu í markaðs- og kynningarmálum og gerir félaginu kleift að annast verkefni fyrir viðskiptavinum allt frá grunnhönnun á útliti til lokafrágangs verka.

www.dagskrain.is

Fasteignafélög KEA eru Klappir ehf., H98 ehf. og Norðurbrú ehf.

Eignarhlutur KEA er 100% í öllum félögum.

Klappir ehf. var stofnað árið 2005 en H98 ehf. var stofnað árið 2008. Fasteignafélögin eru með aðsetur á skrifstofu KEA í Glerárgötu 36 á Akureyri og umsjón með rekstri fasteignanna er í höndum KEA.

Fasteignafélögin annast útleigu á fasteignum á Akureyri, rekstur, þjónustu og viðhald sem því fylgir. H98 ehf. leigir út friðaða fasteign við Hafnarstræti 98 og Klappir á eignir við Glerárgötu 36, Kaupvangsstræti 6 og Óseyri 2. Heildarstærð fasteignanna er um 3.600 fermetrar.

Allt hlutafé í Norðurbrú ehf. var keypt í lok árs 2014, en það félag á lóðina að Hafnarstræti 80 á Akureyri.

Ferro Zink hf.

Eignarhlutur KEA 44,0%

Félagið var stofnað árið 1960 undir heitinu Sandblástur og Málmhúðun sf. Nýtt nafn var tekið upp árið 2008. Starfsstöðvar eru tvær; Árstígur 6 á Akureyri og Álfhella 12-14 í Hafnarfirði. Samtals er húsnæði félagsins 6.000 fermetrar á 30.000 fermetra lóðum. Starfsmannafjöldi er 52.

Skipta má starfsemi í meginatriðum í þrennt. Efnissala á svörtu stáli, ryðfríu stáli og áli, ýmis sérsmiði og framleiðsla, s.s. á ljósausturum og loks verslunarrekstur með verkfæri, vinnufatnað, vélar, festingavörur og fleira.

www.ferrozink.is



EIGNARHLUTIR Í FÉLÖGUM



Grófargil ehf.

Eignarhlutur KEA 34,0%

Félagið var stofnað árið 1998 upp úr bókhaldsdeild KEA. Aðalskrifstofa félagsins er að Glerárgötu 36 á Akureyri en einnig er starfrækt skrifstofa að Skúlagötu 19 í Reykjavík. Hjá Grófargili starfa 20 manns. Félagið annast reikningshald, rafræna úrvinnslu vörukaupareikninga, bókhald, ráðgjöf og uppgjörsþjónustu fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir.

www.grofargil.is

Hreinsitækni ehf.

Eignarhlutur KEA 22,9%

Félagið var stofnað árið 1976. Félagið er með lögheimili að Stórhöfða 37 í Reykjavík og með útibú að Goðanesi 6 á Akureyri. Starfsmenn félagsins eru um 50 talsins. Meginstarfsemi félagsins er þjónusta við bæjar- og sveitarfélög, fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga, á fráveitukerfum, við gatnahreinsun og flutning á olíu- og spilliefnum. Félagið er einnig fremst í flokki við tæmingar á rotþróum við lögbýli og sumarbústaði. Í heildarumsvifum vegur þjónusta við fráveitukerfi og gatnahreinsun nokkurn veginn jafnt hjá félaginu. Fyrirtækið hefur nýlega víkkað út starfsemi sína með því að bjóða upp á fóðringu lagna, sem gerir gamlar lagnir að nýjum.

www.hrt.is

Íslensk verðbréf hf.

Eignarhlutur KEA 9,99%

Íslensk verðbréf er eitt elsta starfandi fjármálafyrirtæki landsins, stofnað árið 1987. Hlutverk þess er að þjónusta fjárfesta sem þarfnast ávöxtunar á fé til lengri eða skemmri tíma. Það er gert með sértækri eignastýringu, vönduðu framboði eigin sjóða og afurðum í samstarfi við önnur fjármálafyrirtæki. Höfuðstöðvar Íslenskra verðbréfa eru í Strandgötu 3 á Akureyri en einnig er félagið með starfsstöð í Lágmúla 6 í Reykjavík. Starfsmenn eru 20.

www.iv.is

Kælismiðjan Frost ehf.

Eignarhlutur KEA 20,75%

Félagið var stofnað árið 1993 og er með höfuðstöðvar á Akureyri og útibú í Garðabæ. Félagið annast hönnun, uppsetningu og þjónustu lítilla og stórra frysti- og kælikerfa. Þjónusta við sjávarútveg, hér á landi og erlendis, er undirstaðan í rekstri félagsins og stendur að jafnaði undir stærstum hluta tekna þess en verslun, iðnaður og önnur þjónusta vega einnig talsvert í veltunni.

Starfsmannafjöldi: 47

www.frost.is





EIGNARHLUTIR Í FÉLÖGUM

Marúlfur ehf.

Eignarhlutur KEA: 16,95%

Marúlfur er fiskvinnslufyrirtæki á Dalvík sem hefur sérhæft sig í vinnslu á steinbít og hlýra fyrir Evrópu-markað, einkum Frakkland og Þýskaland. Fyrirtækið vinnur einnig úr tindaskötu og grásleppu. Starfsmenn fyrirtækisins eru 20.

Norlandair ehf.

Eignarhlutur KEA 10,2%

Félagið var stofnað árið 2008 á grunni Flugfélags Norðurlands sem stofnað var 1975. Höfuðstöðvar eru á Akureyrarflugvelli og starfsmenn eru 23. Félagið stundar leiguflug á Grænlandi og Íslandi sem að stærstum hluta er þjónusta við rannsóknarfyrirtæki og opinbera danska aðila á Grænlandi. Einnig er það með áætlunarflug til Grímseyjar, Þórshafnar og Vopnafjarðar.

Frá mars 2013 hófst síðan millilandaflug til og frá Constable Point á Grænlandi.

www.norlandair.is

Samkaup hf.

Eignarhlutur KEA 5%

Samkaup hf. leggja áherslu á almannþjónustu á verslunarsviði. Samkaup reka um fimmtíu smásöluverslanir víðsvegar um landið og helstu verslanamerki eru Nettó, Úrval og Strax. Staða Samkaupa er sterk utan höfuðborgarsvæðisins og rekur félagið fjölmargar verslanir á félagssvæði KEA sem áður tilheyrðu KEA. Samkaup rekur einnig myndarlegar verslanir í Reykjavík og nágrenni.

www.samkaup.is

Slippurinn Akureyri ehf.

Eignarhlutur KEA 12,0%

Núverandi félag var stofnað árið 2005 en slipprekstur á sér langa sögu á Akureyri. Félagið er með aðsetur á Naustatanga á Akureyri og eru starfsmenn um 160.

Slippurinn Akureyri ehf. veitir alhliða þjónustu við sjávarútveginn og er leiðandi fyrirtæki á sínu sviði hér á landi. Það rekur upptökumannvirki og viðgerðarstöð fyrir skip og annast hvers konar málmsmiði, vélsmiði, vélavíðgerðir, rennismiði og skipasmiðar.

Fyrirtækið rekur ennfremur trésmiðaverkstæði, sand/vatnsblástur, málun og verslun með eigin framleiðslu og aðrar vörur til skipa.

Þjónusta við landverkefni vega um 25% af heildarveltu félagsins en um 75% við sjávarútveg sem skiptist nokkuð jafnt milli innlendra og erlendra aðila.

www.slipp.is



EIGNARHLUTIR Í FÉLÖGUM



Sparisjóður Höfðhverfinga.

Eignarhlutur KEA 47,01%

Sparisjóður Höfðhverfinga var stofnaður þann 1. janúar 1879 og er elsta starfandi fyrirtæki landsins. Sparisjóðurinn er með afgreiðslustaði að Túngötu 3 á Grenivík og Glerárgötu 36 á Akureyri. Hraðbanki sparisjóðsins er í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Starfsmenn eru níu. Sparisjóður Höfðhverfinga er þjónustufyrirtæki á fjármálsviði sem veitir alla almenna banka- og fjármálaþjónustu.

www.spar.is

Tækifæri hf.

Eignarhlutur KEA 52,69%

Stofnað árið 1999 en félagið er staðsett á Akureyri og er með samstarfssamning við Íslensk verðbréf um daglegan rekstur.

Félagið fjárfestir í nýsköpun eða nýmæli í atvinnulífi á Norðurlandi og er þátttaka í verkefnum einkum í formi fjárfestingar í hlutafé. Félaginu er þó heimilt að skoða hvaða fjárfestingartækifæri sem er, óháð eðli eða staðsetningu, teljist góðir kostir í boði. Almennt gildir að verkefni þurfa að hafa hagrænt gildi, vera atvinnuskapandi og leiða til sem mestra margfeldisáhrifa á atvinnulíf svæðisins.

www.taekifaeri.is

Þekking Tristan hf.

Eignarhlutur KEA 50,0%

Stofnað árið 1999. Höfuðstöðvar félagsins eru á Akureyri en einnig er starfsstöð í Kópavogi.

Um 60 manns starfa hjá félaginu sem skiptist nokkurn veginn jafnt milli starfsstöðva. Starfsemi félagsins lítur að rekstri og hýsingu upplýsingakerfa auk ráðgjafar. Félagið hefur vaxið mikið á undanförunum árum og er með fjölmarga viðskiptavini um allt land.

www.thekking.is





ÚTHLUTANIR ÚR SJÓÐUM

MENNINGAR- OG VIÐURKENNINGASJÓÐUR KEA

Halldór Jóhannsson framkvæmdastjóri KEA afhenti styrki úr Menningar- og viðurkenningarsjóði KEA, fimmtudaginn 26.nóvember. Þetta var í 82. skipti sem KEA veitir styrki úr sjóðnum og fór úthlutunin fram í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Auglýst var eftir styrkjum í september og bárust 152 umsóknir. Veittir voru 35 styrkir, samtals að fjárhæð 6,51 milljón króna.

Úthlutað var úr fjórum styrkflokkum; almennum flokki, ungum afreksmönnum, þátttökuverkefnum og íþróttastyrkjum. Tólf aðilar hlutu almenna styrki, hver að fjárhæð 150 þúsund krónur. Til ungra afreksmanna voru veittir tólf styrkir, samtals 1,8 milljón króna. Til þátttökuverkefna var úthlutað 1,4 milljónum króna og hlutu fjórir aðilar styrk. Sjö íþróttastyrkir voru veittir, samtals 1,51 milljón króna.

Almennir styrkir, styrkuppæð kr 150.000.-

Dansfélagið Vefarinn – til að kynna og kenna þjóðdansa, þjóðlög og búninga í skólum í nærumhverfinu
Alþjóðlegt eldhús 2016 – til að halda sýningu þar sem fólk frá mismunandi löndum kemur saman og kynnir sig og sýna menningu og matreiðslu

Kvennakór Akureyrar – til að halda veglega tónleika á Akureyri með einsöngvurum og undirleikurum

Ferðamálafélag Hríseyjar – til að setja upp söguskilti á áningarstað á háeyjunni í Hrísey

Karlakór Akureyrar Geysir – til að fjármagna söngferð til Ítalíu árið 2016

Rósa Rut, Inga og Ása Þórisdætur – fyrir bókaútgáfu í minningur föður þeirra Þóris Haraldssonar, bók um hvítabirni

Menningarfélagið Berg ses – fyrir Klassík í Bergi, tónleikaröð veturinn 2015-2016

Sögufélag Hörgársveitar – til að gefa út tímaritið Heimaslóð

Kirkjukór Húsavíkur – til að halda tónleika til minningar um Friðrik Jónsson, tónskáld og organista, sem hefði orðið 100 ára á þessu ári

Ísold kammerkór – til tónleikahalds á Akureyri og Þingeyjarsýslum

Grófin geðverndarmiðstöð – til standsetningar á aðstöðu félagsins

Samtök sykursjúkra á norðurlandi – til uppbyggingar á aðstöðu félagsins

Ungir afreksmenn, styrkuppæð kr. 150.000.-

Víktor Samúelsson, lyftingar

Bryndís Rún Hansen, sund

Steinunn Erla Davíðsdóttir, frjálssar íþróttir

Silvía Rán Sigurðardóttir, knattspyrna

Dofri Víkar Bragason, júdó

Jóhann Þór Hólmgrímsson, skíði fatlaðra

Kristján Benedikt Sveinsson, golf

Una Haraldsdóttir, pianó/orgel

Jónína Kristjánsdóttir, skíðaganga

Emilía Rós Ómarsdóttir, listhlaup á skautum

Matthías Már Stefánsson, íshokki

Halldór Logi Valsson, Jiu-Jitsu

ÚTHLUTANIR ÚR SJÓÐUM

MENNINGAR- OG VIÐURKENNINGASJÓÐUR KEA

Íþróttastyrkir

Foreldrafélag íshokkideildar Skautafélags Akureyrar, kr. 250.000.- til að kaupa æfingafatnað og búnað fyrir yngstu börnin

Íþróttafélagið Eik, kr. 250.000.- til að styrkja iðkendur hjá félaginu, aðallega vegna ferðakostnaðar í keppnisferðum

Skíðafélag Akureyrar brettadeild, kr. 250.000.- til að byggja upp aðstöðu deildarinnar

ÞórKA kvennaknattspyrna, kr. 250.000.- til að fjármagna rekstur á ÞórKA kvennaliðinu

Skíðafélag Dalvíkur, kr. 200.000.- til að halda skíðanámskeið fyrir börn í fyrsta bekk og kynna þau fyrir skíðaíþróttinni

Blakdeild Völsungs, kr. 110.000.- til að endurnýja blakbúnað og efla þjálfun og auka þannig blakiðkun á meðal barna og unglinga

Skíðafélag Ólafsfjarðar, kr. 200.000.- til að endurvekja skíðastökk fyrir ungt fólk á Ólafsfirði

Þátttökuverkefni

Aflið – samtök gegn heimilis- og kynferðisofbeldi, kr. 700.000.- til að fjármagna sjálfshjálparhópa, þar sem þátttakendur koma saman og sækja sér styrk til að takast á við vandamál.

Sögufélag Eyfirðinga, kr. 300.000.- til að gera nafnaskrá við ritið „Eyfirðingar framan Glerár og Varðgjár“. Jarða og ábúendatal og lokafrágangur fyrir prentun.

Menningarhúsið Tjarnarborg, kr. 200.000.- til að halda fimm menningarviðburði byrir börn og unglinga í janúar til maí 2016.

Pétur Guðjónsson, kr. 200.000.- til að fjármagna stuttmynd um fíkniefnavandann sem sýnd verður í forvarnarskyni m.a. í grunnskólum.





ÚTHLUTANIR ÚR SJÓÐUM

HÁSKÓLASJÓÐUR KEA

Halldór Jóhannsson framkvæmdastjóri KEA og Eyjólfur Guðmundsson rektor Háskólans á Akureyri afhentu styrki úr Háskólasjóði KEA á Fullveldishátíð Háskólans á Akureyri, þriðjudaginn 1. desember. Athöfnin fór fram í húsnæði háskólans.

Að þessu sinni voru veittir tólf rannsóknastyrkir en 22 umsóknir bárust sjóðnum. Við úthlutun úr sjóðnum er horft til þess að verkefni tengist starfsemi skólans eða samstarfsstofnunum hans.

Þetta er í þrettánda sinn sem úthlutað er úr Háskólasjóði KEA og var heildarupphæð styrkja 4,5 mkr. í ár. Frá því upphafleg samstarfsyfirlýsing KEA og Háskólans á Akureyri var undirrituð hefur verið ráðstafað tæpum 85 milljónum króna.

Eftirtalin rannsóknaverkefni fengu styrk úr Háskólasjóði KEA:

Lífshættir og áhættuhegðun unglunga í alþjóðlegum samanburði (ESPAD)
Hug- og félagsvísindasvið - Ársæll Már Arnarson prófessor.
Kr. 400.000

Heimskautaréttarþingið 2016
Hug- og félagsvísindasvið - Guðmundur Alfredsson, prófessor.
Kr. 400.000

Áhrif verkjameðferða á þremur endurhæfingardeildum á Íslandi
Heilbrigðisvísindasvið - Hafdís Skúladóttir, lektor.
Kr. 250.000

Stofna- og efnagreining á þörungum úr Mývatni
Viðskipta- og raunvísindasvið - Hjörleifur Einarsson, prófessor.
Kr. 400.000

Ráðstefna við Háskólann á Akureyri, Sjávarútvegur á norðurlandi
Viðskipta- og raunvísindasvið - Hörður Sævaldsson, lektor.
Kr. 300.000

Námsefni í íslensku sem annað mál
Hug- og félagsvísindasvið - Ingibjörg Sigurðardóttir, aðjúnkt.
Kr. 400.000

Fjölmíðlanotkun íslenskra barna í alþjóðlegu samhengi.
Hug- og félagsvísindasvið - Kjartan Ólafsson, lektor.
Kr. 400.000

Einstæðir ofurforeldrar- samræming fjölskyldu- og atvinnulífs
Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri - Marta Einarsdóttir sérfræðingur.
Kr. 300.000

ÚTHLUTANIR ÚR SJÓÐUM

The Arctic in the 21st Century
Hug- og félagsvísindasvið - Rachael Lorna Johnstone, prófessor.
Kr. 400.000

Undirbúningur og virk þátttaka í ráðstefnu um jarðskjálfta á Norðurlandi 2016
Ragnar Stefánsson, prófessor emeritus.
Kr. 300.000

Hugleikur – samræður til náms
Hug- og félagsvísindasvið - Miðstöð skólaþróunar og kennaradeildar Háskólans á Akureyri.
Kr. 400.000

Byggðapróun á Íslandi í alþjóðlegu ljósi
Hug- og félagsvísindasvið - Þóroddur Bjarnason, prófessor.
Kr. 400.000

Eftirtaldir hlutu viðurkenningar fyrir góðan námsárangur:

Viðskipta- og raunvísindasvið
Eiríkur Páll Aðalsteinsson
50.000.-

Heilbrigðisvísindasvið
Jóna Maren Magnadóttir
50.000.-

Hug- og félagsvísindasvið
Einar Kristinsson
50.000.-





SKÝRSLA STJÓRNAR

KEA er fjárfestingarfélag sem vinnur í þágu eigenda sinna að eflingu félagsins og þar með atvinnulífs og búsetuskilyrða á starfssvæði sínu.

Rekstur samstæðunnar var með svipuðu móti í ár og síðastliðið ár. Hagnaður samstæðu KEA á árinu 2015 nam 671,5 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 6,4 milljörðum króna í árslok, bókfært eigið fé var 6,0 milljarðar króna og eiginfjárlutfall samstæðunnar 93,4%.

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi ráðstöfun á hagnaði ársins.

Í lok ársins voru félagsmenn í KEA svf. 19.532 talsins en voru 19.177 í upphafi árs.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun samstæðunnar, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn KEA svf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2015 með áritun sinni.

Akureyri, 18. apríl 2016

Stjórn:

Birgir Guðmundsson

Ólína Freysteinsdóttir

Hallur Gunnarsson

Guðlaug Kristinsdóttir

Hildur Ösp Gylfadóttir

Jóhann Ingólfsson

Olafur Jónsson

Framkvæmdastjóri:

Haldór Jóhannsson

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og félagsmanna KEA svf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning KEA svf. fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2015, efnahag hennar 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Við staðfestum einnig í samræmi við ákvæði 104. gr. laga nr. 3 2006 um ársreikninga að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Akureyri, 18. apríl 2016

Enor ehf.



Davíð Búi Halldórsson
lögiltur endurskoðandi



REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2015

	Skýr	2015	2014
Rekstrartekjur			
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur		204.176.799	184.634.983
Vaxtagjöld og önnur fjármagnsgjöld		(33.052.261)	(18.474.350)
Gagnvirðisbreyting fjáreigna		510.255.681	348.035.194
Tekjur af fjárfestingareignum		155.322.358	131.463.335
Aðrar tekjur		7.112.928	2.945.745
		<u>843.815.505</u>	<u>648.604.907</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	4	63.706.305	75.266.550
Annar rekstrarkostnaður		51.682.158	70.820.145
		<u>115.388.463</u>	<u>146.086.695</u>
Hagnaður af fjármálastarfsemi		<u>728.427.042</u>	<u>502.518.212</u>
Veittir styrkir		(22.949.844)	(18.387.781)
Hagnaður fyrir skatta		<u>705.477.198</u>	<u>484.130.431</u>
Tekjuskattur	5,13	(33.980.754)	(16.722.108)
Hagnaður ársins		<u><u>671.496.444</u></u>	<u><u>467.408.323</u></u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2015

	Skýr.	31.12.2015	31.12.2014
Eignir			
Markaðsverðbréf	6	484.541.325	91.135.850
Fjárfestingaverðbréf	7	2.655.552.552	2.105.188.965
Skuldabréf og aðrar kröfur	8	1.101.434.670	1.023.170.750
Fjárfestingareignir	9	966.000.000	883.600.000
Varanlegir rekstrarfjármunir	10	9.120.589	9.394.160
Tekjuskattsinneign	13	49.104.985	83.081.401
Aðrar eignir		56.260.519	52.542.190
Handbært fé		1.117.473.355	1.670.427.714
		<u>6.439.487.995</u>	<u>5.918.541.030</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Stofnsjóður félagsmanna	11	9.766.000	9.588.500
Lögbundinn varasjóður		2.441.500	2.397.125
Óráðstafað eigið fé		6.003.207.462	5.331.755.393
		<u>6.015.414.962</u>	<u>5.343.741.018</u>
Skuldir			
Lántaka	12	382.516.192	197.717.356
Ýmsar skammtímaskuldir		41.556.842	377.082.656
		<u>424.073.033</u>	<u>574.800.012</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>6.439.487.995</u>	<u>5.918.541.030</u>
Aðrar upplýsingar	14		



SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins		671.496.444	467.408.323
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Verðbætur og gangvirðisbreytingar eigna og skulda		(521.874.447)	(363.502.925)
Matsbreyting fjárfestingareigna	9	(77.636.164)	(51.672.679)
Aðrir liðir		33.172.948	18.390.966
		105.158.781	70.623.685
(Hækkun) rekstartengdra eigna:			
Skammtímakröfur og aðrar eignir		(53.390.103)	11.253.336
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir og aðrar skuldir		35.305.831	19.652.982
		(18.084.272)	30.906.318
Handbært fé frá rekstri		87.074.509	101.530.003
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð markaðsverðbréfa		(280.339.086)	(64.766.685)
Söluverð markaðsverðbréfa		0	361.445.713
Kaupverð fjárfestingaverðbréfa		(187.738.587)	(436.610.927)
Söluverð fjárfestingaverðbréfa		0	15.128.326
Kaupverð skuldabréfa og krafna		(1.668.765.356)	(617.385.813)
Söluverð og afborganir skuldabréfa og krafna		1.671.041.160	206.000.000
Kaupverð fjárfestingareigna	9	(4.763.836)	(9.727.321)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	10	(8.552.014)	0
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		10.104.192	0
		(469.013.527)	(545.916.707)

SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2015 FRAMHALD

	Skýr.	2015	2014
Fjármögnunarhreyfingar			
Stofnsjóður félagsmanna	11	177.500	175.000
Nýjar langtímaskuldir		195.000.000	0
Afborganir langtímaskulda		(10.676.302)	(11.218.342)
Aðrar skuldir, breyting		(355.516.539)	298.206.542
		(171.015.341)	287.163.200
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(552.954.359)	(157.223.505)
Handbært fé í byrjun ársins		1.670.427.714	1.827.651.218
Handbært fé í árslok		1.117.473.355	1.670.427.714
Aðrar upplýsingar			
Innborgaðar vaxtatekjur		91.804.098	133.977.959
Greiddir vextir		(18.176.040)	(17.815.718)
Greiddir skattar		(1.223.631)	0



SKÝRINGAR

1. Almennar upplýsingar

KEA svf. er samvinnufélag og starfar á grundvelli laga nr. 22/1991 um samvinnufélög.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga dótturfélaganna KEA eigna ehf. Fasteignafélagsins Klappa ehf. H98 ehf. og Eignarhaldsfélagsins Bjarma ehf.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörssdegi.

Skráning tekna

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir. Gangvirðisbreytingar á markaðs- og fjárfestingaverðbréfum eru færðar í rekstrarreikning.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Tekjuskattur

Mismunur tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færast í efnahagsreikningi sem tekjuskattskuldbinding eða inneign eftir því sem við á. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður miðast við aðrar forsendur heldur en hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi, og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna innlausnar tekna og gjalda.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir (frh)

Reiknuð tekjuskattsinneign, vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar eða yfirfærðs ónýttts skattalegs taps, er færð að því marki sem líklegt er talið að hún muni nýttast á móti framtíðarhagnaði. Frádráttarbær tímabundinn mismunur stafar af því að bókfært verð eigna er lægra en skattalegt verð þeirra en mismunurinn verður frádráttarbær síðar við ákvörðun skattalegrar afkomu.

Reiknuð tekjuskattsinneign miðast við það tekjuskattshlutfall sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar á henni kemur.

Fjármálagerningar

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem þær falla til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti þá eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir eru fasteignir sem hafa þann tilgang að afla leigutekna. Fjárfestingareignir eru færðar á gangvirði. Við matið er stuðst við áætlað söluvirði eignanna eða núvirt framtíðarsjóðsflæði einstakra eigna. Áætlað tekjuflæði eignanna tekur aðallega mið af þeim leigusamningum sem eru í gildi. Áætluð rekstrargjöld og viðhald fasteigna er dregið frá leigutekjum. Við núvirðinguna er stuðst við þau vaxtakjör sem standa samstæðunni til boða. Breytingar á gangvirði fjárfestingareigna eru færðar undir liðnum matsbreyting fjárfestingareigna í rekstrarreikning. Fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum á uppgjörstegi.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum endingartíma eigna að teknu tilliti til áætlaðs hrakvirðis. Afskriftaraðferðir, endingartími og áætlað hrakvirði er metið að minnsta kosti árlega. Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknaður sem mismunur á söluvirði og bókfærðu verði og fellur undir aðrar tekjur í rekstrarreikningi. Við sölu varanlegra rekstrarfjármuna sem hafa verið endurmetnir, er endurmatið fært á óráðstafað eigið fé.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda til að mæta mögulegri tapsáhættu ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.



SKÝRINGAR

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir (frh)

Handbært fé

Handbært fé og ígildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Arður

Úthlutaður arður er færður í reikningsskilunum þegar aðalfundur hefur samþykkt arðgreiðsluna.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til affalla eða yfirverðs sem var til þegar til skuldarinnar var stofnað. Afföll og yfirverð færast í rekstrarreikning á líftíma skuldanna miðað við virka vexti. Eftirstöðvar nafnverðs eru reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í árslok eftir því sem við á.

3. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi samstæðunnar hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. áhrif breytinga á gengi hlutabréfa, breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun samstæðunnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2015	2014
Laun starfsmanna	40.728.379	48.477.022
Stjórnarlaun	8.888.400	8.520.000
Launatengd gjöld	14.089.526	18.269.528
	<hr/>	<hr/>
	63.706.305	75.266.550
Meðalfjöldi starfsmanna	3	4

Laun og þóknanir til stjórnar og stjórnenda námu 33,2 millj. króna á árinu og greinast þannig:

Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri	24.294.260
Birgir Guðmundsson, formaður stjórnar	2.000.000
Ólína Freysteinsdóttir, varaformaður stjórnar	1.353.300
Hallur Gunnarsson, ritari stjórnar	1.160.000
Hildur Ösp Gylfadóttir, meðstjórnandi	1.013.300
Ólafur Jónsson, meðstjórnandi	1.013.300
Guðlaug Kristinsdóttir, meðstjórnandi	1.013.300
Sigurður J Ingólfsson, meðstjórnandi	693.300
Jóhannes Ævar Jónsson, fyrrv. ritari stjórnar	333.300
Ellert Jón Gunnsteinsson, varamaður	196.800
Soffía Gísladóttir, varamaður	53.300

SKÝRINGAR

4. Laun og launatengd gjöld (frh)

Hildigunnur Rut Jónsdóttir, varamaður	58.500
	<u>33.182.660</u>

KEA svf. hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyrisgreiðslur, eftirlauna-greiðslur eða kaupauka.

5. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:	2015	2014
Tekjuskattur til greiðslu	0	1.219.293
Tímabundnir mismunir til greiðslu eða frádráttar síðar	33.976.416	15.509.459
Aðrir liðir	4.338	(6.644)
	<u>33.980.754</u>	<u>16.722.108</u>

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

Hagnaður fyrir skatta	705.477.198	484.130.431
Reiknaður tekjuskattur skv. gildandi skatthlutfalli (20%)	141.095.440	96.826.086
Skattfrjálsar tekjur	(131.121.999)	(83.595.056)
Ófrádráttarbær gjöld	24.002.975	3.518.792
Aðrir liðir	4.339	(27.714)
Virkur tekjuskattur	<u>33.980.754</u>	<u>16.722.108</u>
Virkur tekjuskattur í %	4,8%	3,5%

6. Markaðsverðbréf

Skráð markaðsverðbréf greinast þannig:	Nafnverð	Markaðsverð
Hagar hf	963.000	43.142.400
Icelandair Group hf	7.400.000	261.960.000
Marel hf	220.000	55.770.000
Reitir fasteignafélag hf	781.250	65.546.875
N1 hf	744.681	38.723.412
Össur hf	40.000	19.000.000
Síminn hf	110.121	398.638
Skráð hlutabréf samtals	<u>10.259.052</u>	<u>484.541.325</u>



SKÝRINGAR

7. Fjárfestingaverðbréf

Eignarhlutir í fjárfestingaverðbréfum greinast þannig:	Eignarhluti í %	Nafnverð
AEK hf	100,00%	4.000.000
Ásbyrgi - Flóra ehf	80,00%	5.435.294
Ásprent - Stíll ehf	59,06%	8.859.000
Ferro Zink hf	44,00%	2.875.136
GKH Holding (NOK)	11,11%	8.775.000
Grand hótél Mývatn ehf	1,55%	1.000.000
Greið leið ehf	22,70%	57.730.962
Grófargil ehf	34,00%	170.000
Hraun í Öxnadal ehf	16,67%	2.000.000
Hreinsitækni ehf	22,91%	1.000.000
Íslensk verðbréf hf	9,99%	21.838.481
Kælismiðjan Frost ehf	20,75%	415.000
Marúlfur ehf	16,95%	6.122.449
N4 ehf	8,80%	296.471
Norðurbrú ehf	100,00%	500.000
Norðurvegur ehf	33,56%	5.000.000
Norlandair ehf	10,20%	16.666.667
Saga Eignarhaldsfélag ehf	15,40%	742.721
Samkaup hf	5,00%	19.500.000
Slippurinn Akureyri ehf	12,00%	6.000.000
Sparisjóður Höfðhverfinga ses	47,01%	121.393.003
Sýni ehf	1,77%	545.455
Tækifæri hf	52,69%	375.975.765
Þekking - Tristan hf	50,00%	2.000.000

8. Skuldabréf og aðrar kröfur

Afborganir af skuldabréfum og öðrum kröfum í árslok greinast þannig á næstu ár:

Árið 2016	740.185.871
Árið 2017	361.248.799
	<hr/>
	1.101.434.670

Skuldabréfaeign í erlendum gjaldmiðlum nam kr. 253,8 millj. í árslok 2015.

SKÝRINGAR

9. Fjárfestingareignir

Breytingar á fjárfestingareignum greinast þannig:	31.12.2015	31.12.2014
Bókfært verð í ársbyrjun	883.600.000	822.200.000
Viðbót á árinu	4.763.836	9.727.321
Matsbreyting á árinu	77.636.164	51.672.679
Bókfært verð í árslok	966.000.000	883.600.000

Fjárfestingareignir í árslok 2015 voru:	Fasteignamat, hús	Fasteignamat, lóð	Brunabótamat
Glerárgata 36	218.960.000	19.490.000	605.600.000
Óseyri 2	21.050.000	4.580.000	60.400.000
Kaupvangsstræti	48.549.000	6.460.000	135.700.000
Hafnarstræti 98	87.900.000	9.110.000	238.150.000
	376.459.000	39.640.000	1.039.850.000

Vátryggingamat fasteigna samstæðunnar nam, í árslok 2015, kr. 1.040 millj.

Veðsetningar

Á fasteignum samstæðunnar hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum hennar, sem voru að uppgreiðsluvirði um 193,6 millj. kr. í lok ársins 2015.

10. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:	Bifreið	Innréttingar og húsgögn	Samtals
Bókfært verð í ársbyrjun	7.882.380	1.511.780	9.394.160
Viðbót á árinu	8.200.000	352.014	8.552.014
Selt á árinu	(7.006.560)	0	(7.006.560)
Afskrifað á árinu	(1.695.820)	(123.205)	(1.819.025)
Bókfært verð í árslok	7.380.000	1.740.589	9.120.589

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna eru færðar meðal annars rekstrarkostnaðar.



SKÝRINGAR

11. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eigin- fjárreikningum:	Stofnsjóður félagsmanna	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Staða í ársbyrjun	9.588.500	2.397.125	5.331.755.393	5.343.741.018
Innborgað í stofnsjóð	177.500			177.500
Hagnaður ársins			671.496.444	671.496.444
Tillag í lögbundinn varasjóð		44.375	(44.375)	0
Staða í árslok	9.766.000	2.441.500	6.003.207.462	6.015.414.962

12. Lántaka

Lán samstæðunnar greinast þannig:	31.12.2015	31.12.2014
Skuldir í ISK, óverðtryggðar	359.187.509	173.437.505
Skuldir í ISK, verðtryggðar	23.328.683	24.279.851
	382.516.192	197.717.356

Afborganir af lántöku samstæðunnar í árslok 2015 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2016	27.912.947
Árið 2017	13.915.737
Árið 2018	9.250.001
Árið 2019	204.250.001
Árið 2020	9.250.001
Síðar	117.937.506
	382.516.192

13. Tekjuskattsskuldbinding (inneign)

Breyting á tekjuskattsskuldbindingu (inneign) greinist þannig:	2015	2014
Tekjuskattsskuldbinding (inneign) í ársbyrjun	(83.081.401)	(98.590.860)
Reiknaður tekjuskattur ársins	33.980.754	16.722.108
Tekjuskattur til greiðslu	0	(1.219.293)
Aðrir liðir	(4.338)	6.644
	(49.104.985)	(83.081.401)

SKÝRINGAR

	31.12.2015	31.12.2014
Tekjuskattsskuldbinding (inneign) greinist á eftirfarandi liði:		
Varanlegir rekstrarfjármunir	(10.560)	(105.098)
Fjárfestingareignir	99.562.080	82.008.557
Gengismunur	(1.631.168)	(7.887.253)
Skuldabréf og aðrar kröfur	(3.017.133)	(143.032.254)
Yfirfæranlegt tap	(144.008.204)	(14.065.353)
	<hr/>	<hr/>
	(49.104.985)	(83.081.401)

14. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar samstæðunnar eru dótturfélög, hlutdeildarfélag, stjórn, lykilstjórnendur félaga í samstæðunni og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra ásamt tengdum félögum.

Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.



< E A

KEA svf
Glerárgata 36
600 Akureyri
Sími: 460 3400
Fax: 460 3401
www.kea.is